

## SAMÞYKKT

**um hesthús og önnur gripahús í skipulögðum búfjárhverfum  
á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.**

1. gr.

Hesthús og önnur gripahús og þær byggingar sem slíkum húsum tilheyra skulu byggð og viðhaldið samkvæmt ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, svo og samkvæmt ákvæðum skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Vanda skal til alls frágangs húsa, geymslu á heybirgðum og öðru því er lýt tur að hirðingu hesta og annars búfjár.

2. gr.

Umhverfi hesthúsa og annarra gripahúsa skal halda þrifalegu og frágangur lóðar vera snyrtilegur. Hestagerði skulu malarborin og gerði fyrir hesta og aðra gripi girt vönduðum girðingum. Bifreiðar, hestakerrur, dráttarvélar og tæki skal geyma á þar til ætluðum stæðum samkvæmt deili-skipulagi. Í gerðum og á lóðum við hesthús og önnur gripahús er óheimilt að geyma lausamuni, svo sem heyvinnslutæki, byggingarefnir og annað því líkt. Heybirgðir skal geyma í snyrtilegum og afgirtum stæðum samkvæmt deiliskipulagi.

3. gr.

Lausaganga hesta, hunda og annarra gripa er bönnuð. Hlíta skal búfjársamþykktum viðkomandi sveitarfélags og reglugerðum um aðbúnað búfjár. Eigendur hesthúsa og annarra gripahúsa bera ábyrgð á leigjendum sínum hvað varðar umgengni í húsum og á lóð.

4. gr.

Moð, hrossatað og annan húsdýraáburð skal geyma í lokaðri og vökvaheldri þró eða haughúsi. Í hesthúsum skal áætla 3 m<sup>3</sup> rými fyrir tað frá hverjum hesti ef tæmt er einu sinni á ári en 1 m<sup>3</sup> ef tæmt er þrisvar sinnum. Taðþrær og haughús skulu þannig gerð og um hirt að hvorki stafi af óþrif, mengun né slysahætta.

Eigendur hesthúsa og annara gripahúsa skulu tæma taðþrær reglulega og áður en þær fyllast. Leitast skal við að nýta tað og húsdýraáburð til jarðræktar eða jarðgerðar, en að öðrum kosti flytja á þar til ætlaðan móttökustað samkvæmt fyrirsögn viðkomandi sveitarfélags.

5. gr.

Frárennsli frá salernum, vöskum og niðurföllum í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal tengja fráveitukerfi eða leiða í rotþró með siturlögn. Leita skal samþykkis byggingarfulltrúa vegna staðsetningar á rotþróm. Um frágang rotþróar og tæmingu fer samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

6. gr.

Í hesthúsum og öðrum gripahúsum skal vera viðurkennt sorpílát og skulu húseigendur kosta uppsetningu þess og tæmingu. Spilliefnum, t.d. fúavarnarefnum, málningu, skordýra- og meindýraeidri, útrunnum lyfjum og lyfjaleifum, skal halda aðskildum frá öðrum úrgangi og skila inn til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

7. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og byggingarfulltrúi viðkomandi sveitarfélags, hvor á sínu sviði.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum falli þau undir refsiákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Brot skulu sæta málsmeðferð skv. lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Nr. 198

6. febrúar 2009

9. gr.

Samþykkt þessi, sem er samin af heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra og samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 6. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 20. febrúar 2009